

Tillögur lagðar fyrir aðalfund Símans hf.

13. mars 2025

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings félagsins sl. reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á sl. reikningsári

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur samstæðu og móðurfélags fyrir árið 2024 verði staðfestir.

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins sem haldinn er þann 13. mars 2025 að greiddur verði út arður til hluthafa vegna reikningsársins 2024 sem nemur kr. 0,203 á hlut. Þannig nemi heildararðgreiðsla 500 milljónum króna sem felur í sér 36,2% af hagnaði ársins 2024.

Arðsréttindadagur verði 17. mars 2025 þannig að hluthafar tilgreindir í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs vegna rekstrarársins 2024. Arðleysisdagur, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2024, verði 14. mars 2025, næsta viðskiptadag eftir aðalfund. Útborgunardagur verði 28. mars 2025. Tillaga um arðgreiðslu er í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins.

3. Kosning þriggja einstaklinga í tilnefningarnefnd

Stjórn tilnefnir eftirfarandi aðila til setu í tilnefningarnefnd fram að næsta aðalfundi:

Eyjólfur Árni Rafnsson
Jensína Böðvarsdóttir
Steinunn Þórðardóttir

4. Kosning stjórnar félagsins

5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðunarfyrtæki félagsins.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra sem og þóknun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar og í tilnefningarnefnd

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

Laun stjórnarformanns verði 850.000 kr. á mánuði
Laun varaformanns verði 450.000 kr. á mánuði
Laun stjórnarmanna verði 450.000 kr. á mánuði
Laun formanns endurskoðunarnefndar verði 220.000 kr. á mánuði
Laun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd verði 110.000 kr. á mánuði
Laun formanns starfskjaranefndar verði 160.000 kr. á mánuði
Laun nefndarmanna í starfskjaranefnd verði 80.000 kr. á mánuði
Laun formanns í tilnefningarnefnd verði 160.000 kr. á mánuði
Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 80.000 kr. á mánuði

Greinargerð með tillögu:

Stjórn leggur til breytingu á stjórnar- og nefndarlaunum sem nemur u.þ.b. 3,5% hækkun frá fyrra ári.

7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund þann 13. mars 2025 að starfskjarastefna verði samþykkt.

Tillaga stjórnar Símans hf. að starfskjarastefnu liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundir.

Greinargerð með tillögu:

Stjórn leggur til að starfskjarastefna fyrir félagið verði samþykkt, en hún er óbreytt frá fyrra ári.

Markmið starfskjarastefnunnar er að gera störf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk, bjóða samkeppnishæf kjör og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð á Íslandi.

Í starfskjarastefnu er breytilegum starfskjörum markaður skýr rammi og gert ráð fyrir kaupréttarkerfi fyrir starfsmenn og veitingu kaupréttá til æðstu stjórnenda.

8. Tillaga um lækkun á hlutafé vegna eigin hluta og breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækkun á hlutafé félagsins:

„Aðalfundur Símans hf., haldinn 13. mars 2025, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.650.000.000 að nafnverði í kr. 2.475.000.000 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lækkunin tekur til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem samþykkt var af hluthafafundi félagsins á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“

Hljóti tillagan samþykki aðalfundar verður fjárhæð hlutafjár í samþykktum félagsins breytt til samræmis, þannig að gr. 4.1. í samþykktum félagsins orðast eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.475.000.000,- tvöþúsundfjögurhundruðsjötíuogfimmilljónir.“


Greinargerð með tillögu:

Stjórn Símans hf. leggur fyrir aðalfund haldinn þann 13. mars 2025 tillögu um að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 175.000.000 að nafnverði. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að eigin hlutir félagsins að framangreindri nafnverðsfjárhæð séu jafnaðir. Hlutina hefur félagið keypt á markaði með heimild hluthafafundar, sem lið í endurkaupaáætlun og lækkun hlutafjár. Verði tillagan samþykkt þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 2.650.000.000 í kr. 2.475.000.000. Nafnverð hlutafjár samkvæmt grein 4.1. í samþykktum félagsins breytist til samræmis.

9. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt og komi í stað núverandi heimildar stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti sem veitt var á aðalfundi félagsins þann 14. mars 2024.

„Aðalfundur Símans hf. haldinn þann 13. mars 2025 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftari á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 247.500.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1052, samanber lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Skal gengi hluta ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“



Verði tillaga stjórnar samþykkt mun heimildarinnar verða getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi, sbr. grein 8.1 samþykkt félagsins.

Greinargerð með tillögu:

Stjórn Símans hf. leggur fyrir aðalfund tillögu um að stjórn félagsins skuli heimilt að kaupa eigin hluti félagsins. Tillagan gerir ráð fyrir að fyrri endurkaupaáætlanir falli úr gildi við samþykki aðalfundar á tillögunni. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða setja upp formlega endurkaupaáætlun eins og fjallað er um í tillögunni.

10. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá

11. Önnur mál